



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

**Fjármálaráðherra
Árni Mathisen**

Afrit: Þorsteinn Þorgeirsson

Reykjavík 20. febrúar 2008

Varðar: áhrif framkvæmda við fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík á möguleika Seðlabanka Íslands til að ná verðbólægumarkmiði sínu.

Náttúruverndarsamtök Íslands fara fram á svör fjármálaráðherra við eftirfarandi spurningum vegna fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík:

1. Hvaða áhrif telur Fjármálaráðherra að framkvæmdir við fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík og virkjunarframkvæmdir þess vegna á möguleika Seðlabanka Íslands til að ná yfirlýstu verðbólægumarkmiði sínu meðan á framkvæmdum stendur að því gefnu að engar breytingar verði á fjármálastefnu stjórnvalda?
2. Hver yrði ferill stýrivaxta Seðlabankans á framkvæmdatímanum?
3. Verði niðurstaðan úr ofangreindri greiningu sú að stýrivextir Seðlabankans yrðu óbærilega háir er spurt til hvaða aðgerða á sviði fjármála væri hægt að grípa. Skattahækkana? Samdráttar í opinberum framkvæmdum? Samdráttar á sviði rekstrar velferðarstofnana eða skólastofnana?
4. Hvaða áhrif telur Fjármálaráðherra að framkvæmdir við álver í Helguvík muni hafa á innlenda vexti, skulda- og hlutabréfamarkað og gengisþróun krónunnar ef ekki verður gripið til mótvægisáðgerða?
5. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er eingungis 2,8% um þessar mundir og því er spurt hver áhrif fyrirhugaðra framkvæmda hefði á eftirspurn eftir vinnuafli?
6. Munu framkvæmdir við fyrirhugað álver og virkjunarframkvæmdir hafa áhrif á opinberar framkvæmdir, t.d. Sundabraut?
7. Ef tekið er mið af verðbólægumarkmiði Seðlabankans og þeirri forsendu að kaupmáttur launa skerðist ekki á framkvæmdatímanum, hversu umfangsmiklar þurfa mótvægisáðgerðir ríkisvaldsins og Seðlabanka að vera? Með umfangi er átt við:
 - a. aðhald í opinberum rekstri og framkvæmdum sem hlutfall af VLF,


b. vaxtastig, þ.e. vexti skuldabréfa umfram grunndæmi (stuttra og langra verðtryggðra ríkisskuldabréfa).

8. Hvaða áhrif hefði lenging framkvæmdatíma um 1-3 ár á þjóðhagslegt jafnvægi?

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að stýrivextir Seðlabankans og almennt vaxtastig er mun hærra nú en var þegar framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hófust árið 2003. Jafnframt er atvinnuleysi í sögulegu lágmarki. Með hvaða hætti móta þessar aðstæður niðurstöður greiningarinnar?

Virðingarfyllt,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson.